

- 145** Þjónustusamlega skora á yður, herra póstmeistari, að greiða úr póstsjóði 100 kr. hreppsnefndinni í Bæjarhreppi og 1 20 krónur Eggerti verzlunarstjóra Benediktssyni.

- 146** Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um að methylvínandi sje toll-
14 oktbr. frjáls. — Jafnframt því að skýra frá því, að hingað hafi flutzt með póstskipinu »Laura« 5. þ. m. meðal annars 10 gallons af methylalkohol (mehylated spirits), sem haft sje til ljósmyndagjörðar, en verði alls eigi notað til drykkjar, hvorki blandað nje óblandað, og að viðtakandi sendingar þessarar, Sigfús bóksali Eymundsson, hafi færzt undan að greiða toll af henni, hafið þjer látið það álit yð- ar í ljósi, að eigi beri að heimta toll af áminnstum vínanda, með því hann verði eigi talinn til áfengisdrykkja, sbr. fyrirsögn tolllaganna, tilsk. 26. febr. 1872, laga 11. febr. 1876 og 7. nóvbr. 1879 »um gjald af brennivini og öðrum áfengum drykkjum«, og ráðherrabrjef 21. ágúst 1886. Og hafið þjer leitað úr- lausnar minnar um það, hvort skilningur yðar í þessu efni sje rjettur.

Út af þessu er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þókn- anlegrar leiðbeiningar, að jeg er á sömu skoðun og þjer um það, að innfluttar lagartegundir því að eins verði álitnar tollskyldar, þótt þær innihaldi vínanda, að þær sjeu ætlaðar til eða geti orðið notaðar til drykkjar, og að því beri eigi að heimta toll af methylvínanda, sbr. áðurnefnt ráðgjafabrjef.

147

Reikningur

yfir tekjur og gjöld landsbókasafnsins árið 1895.

Tekjur:		Kr. a.	kr. a.
1. Sjóður við árslok 1894:			
a. innritunarskírteini	6600 00		
b. $3\frac{1}{2}\%$ ríkisskuldabrjef	800 00		
c. í landsbankanum	42 15		
d. í sjóði hjá gjaldkera	67 61	7509	76
2. Vextir:			
a. af innritunarskírteini $\frac{11}{6}94$ — $\frac{11}{6}95$	231 00		
b. ríkisskuldabrjefum $\frac{11}{6}94$ — $\frac{11}{6}95$	28 00		
c. af fje í landsbankanum	44 47	303	47
3. Styrkur úr landssjóði:			
a. til að kaupa bækur o. fl.	2500 00		
b. til eldiviðar, áhalda o. fl.	450 00		
c. brunabótargjald	300 00		
d. af fje, sem ætlað er til aðstoðar við bókavörð	100 00	3350	00
4. Bætt við ríkisskuldabrjef upp á		200	00
		Kr. 11363	23